

## **Félag forstöðumanna ríkisstofnana, 25 ára, 27. nóvember 2011.**

Afmælisfundur á Grand Hótelu í Reykjavík, miðvikudaginn 25. janúar 2012, kl. 12.

Ávarp Óla H. Þórðarsonar á fundinum.

Formaður, ágætu forstöðumenn – til hamingju með 25 ára afmæli félagsins okkar. Aldarfjórðungur er í sjálfu sér ekki langur tími, þótt hugtakið aldur sé afstætt. Ég geri ráð fyrir að okkur hafi öllum fundist við vera orðin nokkuð fullorðin og þroskuð þegar við áttum tuttugu og fimm ára afmæli á sínum tíma, og í huga margra ráðherra þykir aldarfjórðungur langur tími til setu fyrir forstöðumenn, **jafnvel fyrir líftíma stofnunar.**

En eins og við vitum er það eitt af æðstu takmörkum margra ráðherra að geta við upprisu úr ráðherrastóli stært sig af því **að hafa fækkað ríkisstofnunum um svo og svo margar.** En nú er ég kominn út á hálán ís og ekki orð um þetta meir.

Kæru félagar, mig langar til að biðja ykkur að fara með mér í hugarflugi til Luxemborgar. Árið er 1985. Tiltölulega ungur framkvæmdastjóri Umferðarráðs, 42 ára gamall, er staddur í flugstöðinni í Luxemborg, algengum millilendingarstað á þessum árum. Dálítill biðtími framundan. Strákur sest, með kókglas í hendi. Veit ekki hvort sá er við hlið hans situr er Íslendingur, en í ljós kemur að svo er. Þeir taka tal saman. Fljótlega kemur í ljós að báðir stýra ríkisstofnun á Íslandi. Teningunum var kastað. Þetta er fráleitt. Tiltölulega fámennur hópur forstöðumanna ríkisstofnana hefur engan sameiginlegan vettvang til þess að hittast og kynnast hver öðrum, þekkja ekki einu sinni andlit nema þeirra sem oft koma fram í sjónvarpi. Úr þessu verður að bæta. Flugvélin fer í loftið og framkvæmdastjórinn ungi er kominn á flug með hugmynd – **stofna félag forstöðumanna**, því ekki? Félög hafa verið stofnuð um ómerkari tilgang en þann að efla kynni þeirra sem sinna íslenskri stjórnsýslu.

Eftir heimkomu, og á haustmánuðum 1985, ræddum við málið nokkrir starfsbræður og hugmyndinni var almennt mjög vel tekið. Án efa höfðu einhverjir forstöðumenn hugleitt stofnun svona félags áður, og nokkrir þeirra voru í **Norrænu stjórnsýslusamtökunum NAF**, ásamt sveitarstjórnarmönnum, en sérstakt félag forstöðumanna ríkisstofnana var ekki til. Í janúarmánuði 1986 bað ég þessa áhugasömu kunningja mína að koma á fund á skrifstofu Umferðarráðs á Lindargötunni, og málið komst á góða hreyfingu.

Við höldum tvo undirbúningsfundi á Hótel Holti, þann fyrri í febrúar, þar sem 32 mættu, 31 karl og **takið eftir, ein kona**, og seinni fundinn í maí þar sem undirbúningsnefnd var kosin til þess að vinna að stofnun **Félags forstöðumanna ríkisstofnana**. Á þann fund mættu 35, þar af ein kona, og það er kannski áhugavert fyrir ykkur, ágætu forstöðumenn að hugleiða frá hvaða stofnun þessi kona kom, sem var sú sama á báðum undirbúningsfundunum. **Jú, auðvitað, frá Jafnréttisráði**. Við getum rétt ímyndað okkur hvað hún hefur hugsað um stöðu kvenna í forstöðumannastétt, ein í salnum með á fjórða tug karlmannna.

Undirbúningsnefndin hóf störf. Við höfðum enga heppilega fyrirmynd að lögum fyrir svona félag, þannig að ég skrifaði drög að fyrstu lögum félagsins og bjóst alveg eins við því að á þeim yrðu gerðar miklar breytingar. En svo fór að drögin, sem ég handskrifaði heima á nokkrum kvöldum, og ágætur ritari minn vélritaði svo á skrifstofunni – þetta var árið áður en Umferðarráð tölvuvæddist, þessi drög, með smávægilegum breytingum urðu síðan að fyrstu lögum FFR, og flest helstu ákvæði þeirra standa enn.

Eitt var það sem við í undirbúningsnefndinni gerðum okkur vel grein fyrir og það var að ekki væri vænlegt til árangurs, svona til að byrja með, **að félagið yrði ígildi stéttarfélags forstöðumanna**. Við ákváðum því að í lögum félagsins yrðu ekki ákvæði þess efnis að félagið hygðist beita sér fyrir launahækkunum, forstöðumönnum til handa. Sannarlega var ekki vanþörf á, frekar en nú, að reyna að bæta laun okkar, en ég held að þessi ákvörðun okkar hafi verið lykillinn að því að okkur tókst að ná samstöðu um stofnun félagsins. Sem dæmi um þetta grundvallaratriði við stofnunina má nefna að ríkissáttasemjari sat í fyrstu varastjórn félagsins, og var mjög virkur stjórnarmaður.

Undirbúningsnefnd boðaði forstöðumenn til stofnfundar á Hótel Esju, þann 27. nóvember árið 1986. Vel var mætt á fundinn og **stofnfélagar urðu alls 80**, en til þess að hljóta þann heiður, höfðu menn tíma til ársloka árið 1986.

Framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs var nú ekki ein kvenna í salnum, hvorki meira né minna en þrjár kynsystur hennar til viðbótar voru meðal stofnfélaga – heil 5%, en stofnkarlarnir voru 76. Meðalaldur stofnfélaga var liðlega 50 ár. Fimm stofnfélaga eru enn starfandi forstöðumenn, og sé ég a.m.k. tvo þeirra hér á fundinum í dag.

Í fyrstu stjórn félagsins voru kjörin: Varaformaður: Elfa-Björk Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins-hljóðvarps, ritari var Ásgeir Guðmundsson, námsgagnastjóri, og sá sem hér stendur, formaður. Meðstjórnendur voru þeir

Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins og Ágúst Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands. **Í varastjórn** sátu þeir Guðlaugur Þorvaldsson, ríkissáttasemjari, Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins og Guðni Karlsson, forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Þetta var samhentur góður hópur og afar áhugasamur um vöxt og viðgang þessa nýja félags. Mér er enn í fersku minni hvað allir lögðu sig ötullega fram um að gera hlut félagsins sem mestan, **staðráðin í að sýna að félagið væri komið til að vera.** Við ákváðum strax að varamenn í stjórn tækju virkan þátt í stjórnarstörfum. Það varð úr, og hefur verið síðan, eftir því sem ég best veit.

Umhugsunarvert er að skoða heiti stofnana þeirra forstöðumanna sem þarna riðu á vaðið. Við lauslega athugun sýnist mér að 34, af þessum 80 stofnunum, starfi enn undir sama nafni, **46 stofnanir, hafa annað hvort verið lagðar niður eða sameinaðar með einum eða öðrum hætti.** Með öðrum orðum, 57,5 af hundraði þeirra stofnana sem um ræðir eru ekki til í þeirri mynd sem áreiðanlega hefur verið talin góð og gild í stofnanaumhverfi ársins 1986, og sýnir þetta mikinn **dugnað** þingmanna og ráðherra við að fækka stofnunum ríkisins.

Í kjölfar stofnfundar lögðum við mikla áherslu á að kynna þetta nýja félag okkar og fyrir hvað það hyggðist standa. Stjórnarmenn notuðu sambönd sín víða í stjórnarsýslunni til þess koma félaginu á kortið, eins og sagt er. Ég ræddi við ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, bæði til að kynna félagið og eins til þess að tjá honum þann vilja stjórnarinnar að ráðuneytisstjórar væru velkomnir í félagið og benti honum á hve ákjósanlegur samráðsvettvangur væri þarna til orðinn til þess að **efla stjórnarsýsluna.** Málið var rætt á fundum ráðuneytisstjóra og niðurstaða þeirra varð sú að þeir sæju annmarka á því að vera í félagi sem þessu. Ég sagðist harma afstöðu þeirra, en þeir væru velkomnir í félagið þegar þeir kysu. Eftir á að hyggja var þetta þó heppileg niðurstaða, vegna þeirra breytinga sem síðar voru gerðar á lögum félagsins, þess efnis að innan þess starfaði þar til kosin kjaranefnd sem vinna skyldi að bættum launa- og starfskjörum okkar forstöðumanna. Þá hefðum við líklega ekki átt samleið með ráðuneytisstjórum, eða réttara sagt, þeim hefði áreiðanlega ekki þótt þeir eiga samleið með okkur.

Einn liður í því að kynna félagið var að fá Steingrím Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra sem fyrsta gest á almennum fundi í félaginu, rúmlega tveimur mánuðum eftir að það var stofnað. Næstu gestir voru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri og Jón Erlendsson hjá upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs, en

síðan var komið að fjármálaráðherra, Jóni Baldvini Hannibalssyni. Við lögðum auðvitað mikla áherslu á að fá hann til fundar við okkur, en svo fór um sjóferð þá að nokkrum mínútum áður en fundur átti að hefjast fékk ég símtal úr ráðuneytinu þar sem tilkynnt var að meistari Jón kæmist ekki á fundinn. Magnús Pétursson hljóp í skarðið og stóð sig auðvitað vel, en við náðum ekki tali af fjármálaráðherranum í það skiptið.

Næstu gestir þar á eftir voru Sverrir Hermannsson, bankastjóri Landsbankans, Haukur Hafsteinsson hjá lífeyrisdeild Tryggingastofnunar, Davíð Oddsson, borgarstjóri og svo náðum við í nýjan fjármálaráðherra, Ólaf Ragnar Grímsson. Hann nefndi erindi sitt „**Rekstur ríkisstofnana – tími sparnaðar og endurskipulagningar**“, þið hafið líklega oft heyrt þessi hugtök síðan, ágætu félagar, a.m.k. man ég ekki eftir þeim árum á forstöðumannsstóli **að þetta væri ekki boðskapurinn stóri frá Arnarhvoli.**

Eftir að félagið var stofnað fann maður það sjálfur að aukin kynni við aðra forstöðumenn urðu til þess að auðveldara var að ná fram samstöðu við úrlausn ákveðinna mála, þvert á fagraðuneyti, og er ég sannfærður um að þessi auknu kynni voru stofnunum okkar afar verðmæt.

Á fyrstu starfsárum félagsins efndum við, í samstarfi við Fjárlaga- og hagsýslustofnun, **til viðhorfskönnunar meðal almennings um afstöðu fólks til reksturs hins opinbera**, og sömdu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að gera könnunina, gegn hóflegu gjaldi. Stefán Ólafsson kynnti niðurstöður hennar á fjölmennum fundi í félaginu, og vöktu þær mikla athygli. Má af þessu ráða að félagið naut tiltölulega fljótt, a.m.k. **ákveðinnar viðurkenningar innan stjórnsýslunnar**, þótt því hafi því miður ekki auðnast að halda sínu striki eins og æskilegt hefði verið. En eins og félagsmálamenn vita vilja koma lægðir í félagsstörf inn á milli, og illu heilli kom slík tímabundin niðursveifla í störf okkar ágæta félags tiltölulega fljótt. En menn náðu vopnum sínum á nýjan leik og aukinn slagkraftur einkenndi störf þess á ný. Síðan hefur leiðin að mestu legið upp á við, þökk sé öllum þeim stjórnnum sem stýrt hafa félaginu í áranna rás.

Eins og ég sagði áðan ákváðum við tiltölulega fljótt að koma til móts við þá forstöðumenn sem vildu að félagið sinnti kjaramálum í auknum mæli. Við höfðum fram að því lagt áherslu á almenn atriði eins og auknar og bættar tryggingar fyrir forstöðumenn. Í því skyni áttum við t.d. fund með framkvæmdastjóra Visa-Íslands, þar sem við könnuðum möguleika á að allir

félagsmenn okkar fengu **hámarkstryggingu sjálfkrafa með notkun sérstaks vildarkorts**, líklega ígildi platínukorts í dag. Þetta gekk því miður ekki, en við höfðum áfram miklar áhyggjur af vantryggingum forstöðumanna, m.a. á ferðalögum innan lands sem utan. Líklega er þetta ekki vandamál í dag.

En okkur var nokkur vandi á höndum að hella okkur út í kröfugerð um bætt laun, þar sem áætlanir okkar til að byrja með gerðu fyrst og fremst ráð fyrir að félagið ætti að vera **öflugur samráðs- og kynningarvettvangur forstöðumanna**. Þetta leystum við hins vegar með lagabreytingu sem opnaði möguleika á **að sérstök kjaranefnd innan félagsins**, sem að vísu starfaði náið með stjórn þess, gæti barist fyrir bættum kjörum þeirra félagsmanna **sem þess óskuðu**. Með þessu móti opnaðist möguleiki á að fara að þrýsta á ráðuneytin, og síðar kjaranefnd um betrubætur í launamálum.

Dálítið er nú farið að fynast hjá mér yfir þessi kjaramál öll, en þegar kjaranefnd var sett á laggirnar bar henni fyrst í stað að úrskurða um önnur kjör okkar en launin. Sjálfur var ég í hópi þeirra sem fyrst í stað féllu ekki einu sinni undir kjaranefnd, vegna þess að yfir stofnun minni var ráðherraskipuð stjórn. Svo kom að því að forstöðumönnum var **óheimilt að vera í fagfélögum sínum**, og urðu því einskona eyland í kerfinu. Sumir höfðu sæmleg tök á að vinna að málum sínum innan ráðuneytanna, aðrir þannig í sveit settir að þeir fengu varla áheyrn í ráðuneyti sínu ef þeir ætluðu að ræða kjaramál sín. Komu þar m.a. til þau óskráðu lög innan ráðuneytanna **að forstöðumaður mætti ekki undir neinum kringumstæðum vera á hærri launum en sá skrifstofustjóri í ráðuneytinu sem var staðgengill ráðuneytisstjóra**.

Þetta voru niðurdrepani tímar fyrir marga forstöðumenn, og ákveðins vonleysis gætti meðal þeirra um kaup og kjör. Síðan kom að því að okkur var gert að semja sjálf við starfsfólk okkar í svokölluðum stofnanasamningum, og sumir forstöðumenn þurftu að bíta í það súra epli að semja á þann hátt að næstráðendur þeirra nutu mun betri kjara en þeir sjálfir. Kjaranefnd fékk síðar alræðisvald um kaup okkar og kjör. Okkur var bannað að sinna nokkru öðru en því sem beinlínis laut að störfum okkar. Urðum að una því að vera sett í allskonar nefndir, þar sem í erindisbréfum var heitið þóknun fyrir störf, samkvæmt ákvörðun svokallaðrar þóknananefndar. Þegar svo til kom var þetta allt eitt froðusnakk, kjaranefnd úrskurðaði nær alltaf að störf í tilteknum nefndum féllu undir starfsskyldur okkar, **og þóknanir urðu engar**.

En góðir fundarmenn, ég átti víst að tala um félagið okkar en ekki kjaranefnd, og ætla því ekki að eyða fleiri skotum á hana. Ég vona hins vegar að samskipti ykkar við kjararáð í dag gefi ykkur meira í aðra hönd, en kjaranefnd okkur, fyrr á árum, **en hef því miður rökstuddan grun um að svo sé alls ekki.**

Þegar ég lít nú til baka yfir þetta 25 ára starfstímabil félagsins okkar, verð ég að viðurkenna að ég er stoltur af þessu framtaki okkar frumherjanna. Við renndum auðvitað dálítið blint í sjóinn í upphafi, en bjartsýn vorum við um framgang þessarar félagsstofnunar okkar. Þá, eins og nú, var oft vegið harkalega að ríkisstofnunum og forstöðumönnum þeirra, og umræðan oft á afar lágu plani. Fleyg eru þau orð ágæts stjórnámálmanns að hann gæti vel hugsað sér að láta af pólitískum störfum, og fara að hafa það náðugt „**og ætli ég fari þá ekki bara að naga blýanta í einhverri ríkisstofnun**“, sagði hann glottandi í sjónvarpsviðtali.

Sjálfur hef ég verið svo lánsamur að geta fylgst náíð með störfum félagsins, og þar með þeirri jákvæðu þróun sem á margan hátt hefur orðið í stjórnsýslunni, með 21 árs stjórnarsetu í FFR. Er ég ekki í nokkrum vafa um að félagið hefur unnið stórvirki á þessum árum. Í tímans rás hefur það notið vaxandi virðingar, svo til með hverju ári sem það hefur starfað, og ráðherrar og ráðuneytismenn hlusta nú á sterka rödd öflugs félags, samtaka hóps forstöðumanna.

Á þessum árum hef ég átt einstaklega gott samstarf við marga féлага og stjórnarmenn og sumir þeirra eru meðal minna bestu vina í dag. Það er einstaklega ánægjulegt að sjá hér í salnum þennan gjörvulega hóp vel menntaðra forstöðumanna, sem ég veit að allir eru að gera sitt besta í stofnunum sínum, með mislágum fjárveitingum. Ekki dregur það úr ánægjunni að í félaginu eru nú 59 konur, samkvæmt félagaskrá á heimasíðu félagsins. Jafn gleðilegt er að sjá hér marga fyrrverandi forstöðumenn - góða samstarfsmenn og féлага til margra ára, og ekki er **mannauðurinn minni í þeim mæta hópi**. Við þá forstöðumenn, sem enn eru á fullu í störfum sínum, vil ég segja, þegar þar að kemur - líf er eftir að látið er af forstöðumannsstarfi. Meira að segja nokkuð þægilegt, þar sem m.a. þarf ekki að skrifa margendurteknar umsagnir til Alþingis eða skila fjárlagatillögum. **Fyrrverandi forstöðumenn hafa meira að segja með sér óformleg samtök** þar sem þeir koma reglulega saman yfir vetrarmánuðina til þess að halda kunningsskapnum og efla andann um leið. Vonandi liggur leið ykkar margra í þennan hóp, þótt ýmsum þyki það fjarlægt í dag.

Kæru félagar. Ég geri mér fulla grein fyrir að þessi upprifjun mín hér í dag fjallaði fyrst og fremst um fyrstu starfsár þessa kraftmikla félags okkar, og

margs er því ógetið af öllum þeim mikilsverðu áföngum sem náðst hafa með störfum þess. **Eiginlega þyrfti að skrá sögu félagsins, til þess að halda því öllu saman til haga.**

Ég endurtek þakkir til allra þeirra stjórnarmanna, og annarra, sem ég hef starfað með á vettvangi félagsins um langt árabíll, **ekki síst þeim kraftmiklu formönnum** sem leitt hafa samtök okkar í ólgusjó mikilla breytinga í stofnanaumhverfinu. Við núverandi stjórn segi ég, **ég er ánægður með ykkur**, þið siglið skútunni af festu og öryggi. En eitt bið ég ykkur að gæta sérstaklega að - **fjöregginu okkar allra** - Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Ótrúlega margir vilja hann feigan.

Megi Félag forstöðumanna ríkisstofnana halda áfram að vaxa og dafna - **til hamingju með árin 25**. Megi og ykkur öllum allt í hag ganga um ókomna tíð.